

Kópavogur, 24. janúar 2019.

Ágætu foreldrar/forráðamenn.

Efni: Innritun nemenda sem sækja um á starfsbrautum fyrir fatlaða nemendur í framhaldsskólum á haustönn 2019.

Innritun nemenda í 10. bekk á starfsbrautir í framhaldsskóla fer fram rafrænt á vefsvæði Menntagáttar (www.menntagatt.is). Innritunartímabilið stendur yfir **1.-28. febrúar 2019**. Tímamörk almennrar innritunar sem auglýst verða, þegar nær dregur, á Menntagátt gilda þó fyrir þær umsóknir sem berast eftir lokadagsetningu tímabilsins. Þar sem nemendur í 10. bekk eru ólögráða er samþykki foreldra/forráðamanna áskilið við innritun í framhaldsskóla. Litið er svo á, að með því að upplýsa um fyrirkomulag innritunar sé tryggt að foreldrar/forráðamenn fylgist með innritun barna sinna. Umsækjendur/forráðamenn þurfa að hafa aðgang að nettengdri tölvu til að geta sótt um. Slíkt aðgengi stendur þeim til boða í grunnskólum og framhaldsskólum hafi þeir ekki tölvu heima fyrir.

Veflykill

Forráðamenn geta nálgast veflykla barna sinna með því að fara sjálfir inn í umsókn á eigin kennitölu og nota til þess **ÍSLYKIL** (sótt um á island.is) eða rafræn skilríki. Inni í umsókninni er að finna flipa með veflyklum barna undir 18 ára aldri sem hægt er að afrita og nota þegar farið er inn í umsókn á kennitölu nemandans. Einnig er hægt að nálgast veflykil með því að hafa samband við Menntamálastofnun í síma 5147500 eða með því að senda tölvupóst á innritun@mms.is

Nánari leiðbeiningar er að finna í bréfi til nemenda.

Umsóknarferli

Lista yfir skóla sem bjóða upp á starfsbrautir fyrir fatlaða nemendur er að finna á Menntagáttinni. Nemendur sækja um skólavist í tveimur skólum, í fyrsta val setja þeir þann skóla sem þeir óska helst eftir og til vara skóla sem er þeirra annað val.

- Afgreiðsla umsókna hefst í mars 2019 og stefnt er að því að öllum umsóknum hafi verið svarað í lok apríl.
- Fáí umsækjandi ekki skólavist í þeim skólum sem hann sótti um, sér Menntamálastofnun um að útvega viðkomandi skólavist. Umsækjendur geta fylgst með stöðu umsóknar sinnar með því að opna hana á Menntagáttinni með sama hætti og þegar sótt er um. Þá sést á forsíðu umsóknar hvaða skólar voru valdir og staða umsóknanna þar fyrir aftan.
- Framhaldsskólarnir senda bréf til foreldra/forráðamanna þeirra umsækjenda sem þeir veita skólavist, ásamt greiðsluseðli fyrir innritunargjöldum. Greiðslufrestur er tiltekinn á greiðsluseðlinum og ef gjaldið er ekki greitt á réttum tíma er litið svo á að umsækjandi ætli ekki að þiggja skólavist á haustönn 2019.
- Skólameistari hvers skóla ber ábyrgð á að afgreiðsla umsókna sé í samræmi við kröfur skólans og verklagsreglur. Menntamálastofnun hefur ekki afskipti af því hvernig einstakar umsóknir eru afgreiddar. Skólameistara ber að rökstyðja ákvörðun skóla ef

umsækjandi óskar eftir því. Heimilt er að kæra synjun umsóknar til mennta- og menningarmálaráðuneytis ef umsækjandi unni ekki skýringu skólameistara.

- Vottorð eða sérstakar upplýsingar, t. d. um fötlun nemandans og þjónustubörf, þurfa foreldrar/forráðamenn að senda til viðkomandi skóla með pósti eða veita grunnskóla nemandans leyfi til að senda þau, **en þó ekki fyrr en staðfest námsvist liggur fyrir.** Athugið að forráðamenn bera ábyrgð á að viðeigandi upplýsingar berist þeim framhaldsskóla sem samþykkir umsókn nemandans.

Nánari upplýsingar

Upplýsingar um innritun á starfsbrautir veitir Guðný Ásta Snorradóttir hjá Menntamálastofnun. Hægt er að hafa samband símleiðis í númerið 514 7500 eða senda póst á netfangið innritun@mms.is

Bestu kveðjur,
Guðný Ásta Snorradóttir,
sérfræðingur,
Menntamálastofnun.